

# Rápskynjari Alvican

Rápskynjari Alvican er tengdur við einstaklingsútgáfu af snjallkerfi Alvican en það er kerfi hannað fyrir einstaklinga með skerta færni í sjálfstæðri búsetu sem vilja auka öryggi.

Rápskynjarinn hentar bæði aðstandendum og/eða umönnunaraðilum. Lausnin veitir öryggi fyrir notendur í byltuhættu án þess að skerða persónufrelsi. Öryggið sem fylgir því að hafa rápskynjara er augljóst og möguleikar eru á mikilli hagræðingu fyrir umönnunaraðila hvort heldur er fyrir einstakling sem býr einn eða hópa sem umönnunaraðilar sinna.



## Virgni

Rápskynjarinn er þráðlaus og með rafhlöðu og er hann settur á rúmfótinn hjá notanda og þegar hann ætlar að fara fram úr rúminu sendir skynjarinn skilaboð í snjallkerfið.

Hægt er að stilla snjallkerfi Alvican þannig að það sendi skilaboð á aðstandendur eða umönnunaraðila allan sólarhringinn eða aðeins þegar notandi fer fram úr rúminu á nóttunni.

Skynjarinn sendir skilaboð á aðstandendur eða til umönnunaraðila þegar búið er að setja lausnina upp og skilgreina svörunaraðila. Snjallkerfið geymir engar upplýsingar eða sendir neitt frá sér nema skilaboð sem búið er að ákveða að eigi að berast.

## Einfalt notendaviðmót - beint í snjallsíma

Viðmót snjallkerfisins er auðskilið, allt á íslensku og einfalt að setja upp á snjallsíma ættingja, vina eða umönnunaraðila. Hægt er að stilla kerfið þannig að aðstandendur geta skipt með sér umsjóninni á mismunandi tímabilum.

